

# 212. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGINN 7. JANÚAR 2014 KL. 9

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Nefnd innanríkisráðherra um endurskoðun sóknargjalda.
3. Fasteignir.  
Holt undir Eyjafjöllum, kaupsamningur.
4. Skálholt.
  - a) Skipun stjórnar Skálholts.
  - b) Erindi frá Skálholtsbónda - uppsögn ábúðar.
5. Skipun fulltrúa Þjóðkirkjunnar í viðræðunefnd um samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta.
6. Málefni Þjóðmálanefndar.
7. Önnur mál.
  - a) Ástjarnarsókn, byggingaframkvæmdir.
  - b) Gjaldtaka fyrir kirkjuvörslu.
  - c) Afleysing vegna leyfis framkvæmdastjóra kirkjuráðs árið 2014 – skipun afleysingamanns og starfslýsing hans.
  - d) Sviðsstjóri fasteignasviðs árið 2014 – starfslýsing.

---

## 1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Svana Helen Björnsdóttir. Katrín Ásgrímsdóttir, kirkjuráðsmaður, boðaði forföll, sem og fyrsti varamaður, Birna Konráðsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Starfsfólkið vék af fundi þegar dagskrárliðir 3, 4, 6 og 7 c og d voru til umfjöllunar.

Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð kirkjuráðsfundar 211 var samþykkt.

---

## 2. NEFND INNANRÍKISRÁÐHERRA UM ENDURSKOÐUN SÓKNARGJALDA

---

Annar fulltrúa þjóðkirkjunnar í nefnd um endurskoðun sóknargjalda, séra Gísli Jónasson, prófastur, kynnti kirkjuráði að fyrsti fundur nefndarinnar hefur farið fram í innanríkisráðuneytinu.

Kirkjuráð áréttar að fulltrúar þjóðkirkjunnar í nefndinni, séra Gísli Jónasson og Inga Rún Ólafsdóttir, kirkjuþingsmaður, eru valdir til starfa í nefndinni einungis til að ræða um endurskoðun sóknargjalda.

Kirkjuráð samþykkti að markmið kirkjunnar í starfi nefndarinnar um endurskoðun sóknargjalda, er að tryggja að ríkisvaldið geti ekki einhliða breytt þeirri upphæð sem innheimt er, heldur verði gerður samningur um innheimtu sóknargjaldanna. Sóknargjöldin eru félagsgjöld þjóðkirkjunnar og hlutverk ríkisvaldsins einungis að annast innheimtu þeirra.

Viðræður um 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, frá 1997, munu fara fram í tvíhliða viðræðum á milli þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins og mun þjóðkirkjan skipa nefnd til þeirra viðræðna sbr. 5. lið dagskrár.

---

## 3. FASTEIGNIR

---

- Holt undir Eyjafjöllum, kaupsamningur.

Kirkjuráð staðfesti samning um sölu jarðarinnar Holts til Víkurdranga ehf.

---

## 4. SKÁLHOLT

---

a) Skipun stjórnar Skálholts.

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

b) *Erindi frá Skálholtsbónda - uppsögn ábúðar.*  
Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

---

## 5. SKIPUN FULLTRÚA ÞJÓÐKIRKJUNNAR Í VIÐRÆÐUNEFND UM SAMKOMULAG UM KIRKJUJARÐIR OG LAUNAGREIÐSLUR PRESTA

---

Innanríkisráðuneytið hefur óskað eftir viðræðum við þjóðkirkjuna um hið svokallað kirkjujarðasamkomulag.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í nefndina á næsta fundi.

---

## 6. MÁLEFNI ÞJÓÐMÁLANEFNDAR

---

Samkvæmt starfsreglum um Þjóðmálanefnd er hún kosin af nýkjörnu kirkjuþingi. Því verður ný Þjóðmálanefnd kosin á kirkjuþingi 2014.

Í nefndinni eru nú:

*Aðalmenn:*

Sr. Baldur Kristjánsson, formaður  
Sr. Sigrún Óskarsdóttir, varaformaður  
Sr. Svavar Jónsson  
Inga Rún Ólafsdóttir, kirkjuþingsmaður  
Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor

*Varamenn:*

Sr. Ingileif Malmberg  
Sr. Magnús Erlingsson  
Margrét Ólafsdóttir, djákni  
Steindór Haraldsson, kirkjuþingsmaður  
Sr. Þorvaldur Víðisson

Sr. Baldur Kristjánsson hefur sagt af sér formennsku og sr. Sigrún Óskarsdóttir hefur beðist undan því að taka við formennsku. Því gegnir enginn formennsku núna. Skipa þarf formann úr varastjórn til haustsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela Þorvaldi Víðissyni, varamanni í nefndinni, formennsku fram að kirkjuþingi 2014.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a) *Ástjarnarsókn, byggingaframkvæmdir.*

Sóknarnefnd Ástjarnarsóknar í Tjarnarprestakalli hefur kynnt kirkjuráði áform sín um byggingafrankvæmdir sbr. 2. mgr. 8.gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011.

b) Gjaldtaka fyrir kirkjuvörslu. Erindi innanríkisráðuneytisins.

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

c) *Afleysing vegna leyfis framkvæmdastjóra kirkjuráðs árið 2014 – skipun afleysingamanns og starfslýsing hans.*

Fjármálastjóri óskaði eftir því, að taka ekki að sér staðgengilsstörf framkvæmdastjóra kirkjuráðs, meðal annars vegna aukinna verkefna á fjármálasviði og þeirra viðræðna sem framundan eru, um kirkjujarðasamkomulagið við ríkið.

Kirkjuráð samþykkti að Ragnhildur Benediksdóttir fv. skrifstofustjóri Biskupsstofu muni leysa af sem framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfalli. Starfslýsing var lögð fram til kynningar.

d) *Sviðsstjóri fasteignasviðs árið 2014 – starfslýsing.*

Kirkjuráð samþykkti að Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur muni sinni starfi sviðsstjóra fasteignasviðs árið 2014, eða þann tíma sem hann verður í leyfi frá störfum framkvæmdastjóra. Starfslýsing var lögð fram til kynningar.

e) *Nefnd kirkjuþings, sem vinna skal tillögur um fjármál og rekstur þjóðkirkjunnar sbr. mál kirkjuþings númer 30/2013.*

Lögð var fram fjárhagsáætlun frá nefnd kirkjuþings vegna starfa nefndarinnar árið 2014. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ræða við formann nefndarinnar, Birnu Konráðsdóttur, um fjárhagsáætlun nefndarinnar.

f) *Patreksfjarðarsókn*

Kynnt var erindi frá Patreksfjarðarsókn, vegna úthlutunar úr Jöfnunarsjóði.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að vinna málið.

g) *Hólssókn, Bolungavík.*

Kynnt var erindi frá Hólssókn, vegna úthlutunar úr Jöfnunarsjóði.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að vinna málið.

h) *Fyrirspurn frá séra Gísla Gunnarssyni.*

Séra Gísli spurðist fyrir um ástæður þess að netfangalista presta var lokað nýverið.

Biskupsritari svaraði fyrirspurninni og kynnti málið.

Netfangalisti starfandi presta hefur verið starfræktur undanfarin ár í umsjón Biskupsstofu og á ábyrgð biskups Íslands. Hver sem er getur stofnað og starfrækt sambærilegan netfangalista. Í samráði við stjórn Prestafélags Íslands (PÍ) var ákveðið að loka netfangalistanum frá og með 1. janúar sl. og eru ástæður þess eftirfarandi. Í ljósi aukinna möguleika til samskipta á netinu hefur þörfin fyrir póstlista af þessu tagi breyst. Þjónustuvefur kirkjunnar, [www.innri.kirkjan.is](http://www.innri.kirkjan.is) sem allir prestar og starfsfólk kirkjunnar hafa aðgang að, mun taka við hlutverki listans. Þar eru ennþá betri og öruggari leiðir til upplýsingagjafar og samtals innan stéttarinnar. Með breytingunni vill Biskupsstofa fylgja þróun upplýsingartækninnar og flytja vettvang mikilvægrar umræðu úr fjölþóttasamskiptum inn á þjónustuvef og þar með tryggja upplýsingaflæði. Biskupsstofa og Prestafélagið hafa einnig skapað umræðuvettvang á fésbók og basecamp sem hefur verið tekið fagnandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30

Næsti fundur kirkjuráðs verður þriðjudaginn 11. febrúar 2014.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
Biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson  
Biskupsritari